

Einkenni

Mpox leiðir oft til samsetningar einkenna, þar á meðal:

- › Hiti eða kuldahrollur
- › Höfuðverkur
- › Örmögnun
- › Bakverkir og vöðvaverkir
- › Útbrot eða blöðrur á húð

Fylgikvillar:


Flestir sem fá mpox ná sér án fylgikvilla, en þeir sem eru með alvarleg einkenni gætu þurft að leggjast inn á sjúkrahús.

Talaðu við lækinn um almennar ráðleggingar og um hæfi til bólusetningar gegn mpox.



Skannaðu QR kóðann til að fá frekari upplýsingar á Evrópsku upplýsingagáttinni um bólusetningar


vaccination-info.europa.eu/en



Verndaðu þig gegn mpox



EVROPSKA UPPLÝSINGA-
GÁTTIN UM BÓLUSETNINGU
Stofnuð að frumkvæði Evrópusambandsins



Mpox (apabóla)

Mpox er veirusýking sem veldur húðblöðrum, hita, höfuðverk og vöðvaverkjum. Veiran smitast við náin, bein samskipti (þar á meðal kynmök) við smitaðan einstakling, en hægt er að koma í veg fyrir hana með bólusetningu.

Hver er í hættu?

- › Allir sem hafa náin, bein samskipti (þar með talið kynferðisleg samskipti) við einhvern sem er með mpox.
- › Fólk með veiklað ónæmiskerfi getur verið meira í hættu frá mpox og fylgikvilla þess.



Af hverju að bólusetja?

Bólusetning getur komið í veg fyrir mpox og fylgikvilla þess